

Stjórnarfundur Leiknar

Dagsetning: 14. sept. 2015 kl. 11-14.15

Staður: Skipholt 50b hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt

Mætt: Sólveig Hildur Björnsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Ólafur Ástgeirsson, Helga Gísladóttir og Hulda Anna Arnljótsdóttir. Guðrún Vala Elísdóttir boðaði forföll.

Fundargerð er rituð í samræmi við boðaða dagskrá.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Hvernig/hvenær viljum við funda í vetur?

Fundurinn samþykkti að Sólveig Hildur, verði varaformaður og Guðrún Vala, ritari, með fyrirvara um hennar samþykki þar sem hún er fjarverandi. Guðrún (Gurra) verður gjaldkeri. Þuríður tekur að sér að færa fundargerðir og annað efni á vef Leiknar. Fundurinn ákvað að fundir haldnir í gegnum netið verði ígildi staðbundinna funda, þegar boðað er til þeirra með dagskrá, og fundargerð netfunda borin undir næsta staðbundna stjórnarfund til samþykktar. Hulda ætlaði að senda tillögur að dagsetningum næstu funda í gegnum Doodle.

2. Hlutverk Leiknar og samþykktir – fara yfir svo allir séu á sömu blaðsíðu. Félagsgjöld ársins.

Hulda fór yfir hlutverk Leiknar. Leikn hefur ekki verið kallað að borðinu þegar álits er leitað eða óskað er eftir fulltrúa í nefnd hjá ráðuneytinu. Leikn þarf að gera sig gildandi hjá ráðuneytinu. Fundurinn ákvað að kanna hvaða verkefni ráðuneytið hafi sett á nýja stofnun; Menntamálastofnun. Leikn kynni starfsemi sína og áherslur fyrir Menntamálastofnun. Greiðsluseðlar fyrir árið 2015 hafa nú þegar verið sendir aðildarfélögum Leiknar. Gurra, setur sig í samband við Tækniskólann og hvetur skólann til að halda aðild að Leikn áfram þrátt fyrir breytingar á stjórnkerfi skólans. Uppfæra þarf netfangalista Leiknar, m.a. vegna fræðsluerinda. Nú eru rúmlega 100 netföng á listanum; starfsmenn þeirra félaga sem eru í Leikn. Útskýra í næsta netpósti um fræðsluerindi hvernig hægt sé hlusta á erindi (tæknilega hliðin).

3. Stutt upprifjun á verkefnum síðasta starfsárs. (s.s. tilraun til lagabreytinga, víkka út markhópin, samskipti við ráðuneyti, helstu samstarfs- og námsverkefni, erlent samstarf)

Rifjuð voru upp helstu verkefni síðasta árs og síðan fór Hulda stuttlega yfir mögulega erlenda samstarfsaðila: NVL, Nordic-Baltic, EAEA og EPAL. Sólveig og Gurra sóttu Nordic-Baltic fundinn í Osló í fyrra. Aðra fundi hefur Leikn ekki verið að sækja. NVL verkefnið er að klárast. NVL er að skoða hvernig hægt sé að auðvelda raunfærnimat á fyrstu þrepum hæfnirammans. Leikn átti fulltrúa í nefnd um íslenska hæfnirammann þar sem verið er að skoða hvernig óformlegu námi verði best háttað, hvort eigi að setja slíkt nám á þrep og hvernig. Rannís hefur haldið utan um vinnuna sem nú er í biðstöðu.

4. Hvaða áherslur í vetur? (skoða gamla stefnuplaggið)

Hulda fór yfir helstu niðurstöður úr stefnumótun Leiknar síðan fyrir um tveimur árum.

5. Fjarfræðsluerindin – Þankahrið um efnistöð

Umskólun: Þegar fólk skiptir um starfsvettvang á miðjum aldri.

Rafrænt kennsluumhverfi: Hagnýtar upplýsingar varðandi tæknimöguleika sem bjóðast. E-learning og B-learning. Þurfið tekur saman áhugaverðar leiðir við fjarfundakennslu.

Tölvulæsi: Mjög mismunandi hvert getustig nemenda er hvað varðar tæknikunnáttu. Hvernig látum við kennsluna ná til allra nemenda, óháð getustigi á tækni? Þróun upplýsingatækninnar eftir greinum. Fá stuttar kynningar frá Símenntunarmiðstöðvum sem eru að nota ýmiss gagnleg forrit: Camden, Penelope (Glósuforrit/tækni). Polycom fjarfundarbúnaður.

Innovation: Nýjungar, frumkvæði, breytingastjórnun.

Kennsluumhverfið/rými og/eða vinnustaðurinn: Hvernig mun kennslustofan líta út í framtíðinni? Hver er þróunin? Húsgögn, vinnulag, vinnuumhverfi, spjaldtölvur.

Rafræn verkfæri til náms (gæti verið yfirheiti á fyrirlestrarröð): Símenntunarmiðstöðvar geti bent nemendum á viðeigandi hjálparforrit sem gætu hugsanlega hentað þeim til náms.

„Mentor“ fyrir flóttamenn: Hvernig getur símenntunarkerfið komið til móts við aðlögun flóttamanna? Sólveig talar við Rauða krossinn um fræðsluerindi; glærur og spjall í 20 mínútur 6. október.

Samskiptamiðlar og markaðssetning: Hvernig getum við nýtt samskiptamiðla til að vekja athygli á starfseminni?

6. Vefurinn

Frestað.

7. Önnur mál.

Ákveðið að Gurra og Hulda sækji NVL fund í Kaupmannahöfn 17.-18. desember 2015.

Fundargerð ritaði:

Sólveig Hildur Björnsdóttir